

AUGLÝSING

um gildistöku ákvörðunar Flugmálastjórnar Íslands nr. 2/2012.

Flugmálastjórn Íslands hefur ákveðið að fella hér með úr gildi ákvörðun Flugmálastjórnar Íslands nr. 2/2010.

Reglur þær sem ákvörðun þessi veitti gildi hafa verið innleiddar með viðeigandi hætti með reglugerð nr. 48/2012 um sameiginlegar reglur um flugrekstur og flugþjónustu innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Með vísan til 140. gr. laga nr. 60/1998 um loftferðir með síðari breytingum og reglugerðar um flugmálahandbók útgefna af Flugmálastjórn Íslands nr. 326/2000 er ákvörðun þessi birt í flugmálahandbók Flugmálastjórnar Íslands, 3. deild (Ákvarðanir Flugmálastjórnar Íslands).

Auglýsingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 13. júní 2012.

Pétur K. Maack flugmálastjóri.

B-deild – Útgáfud.: 27. júní 2012